

Hversvegna er ekki hægt að fjarlægja þessa hæla og loka fyrir holuna sem jólatréð er sett ofan í strax þegar það er tekið niður? Það er mikil hættu sem skapast við þessa hæla og nú þessa holu og ekki bara á sumrin þegar snjórinn er bráðnaður heldur eins þegar krakkar eru að leika sér í snjónum því þá sjást ekki þessir hælir og auðveldlega væri hægt að slasa sig á þeim sem hefur sem betur fer ekki gerst). Á stjórnunni er listaverk sem þarf að snyrta runna í krinum og skipta um batterí í klukkunni á því.





4. Mála blómaker, laga bekki og mála leiktæki á sumarróló.
5. Grasblettur þegar þú keyrir inn í bæinn þá væri gaman að setja þar niður litrík blóm. Jafnvel sem stafa Suðureyri. Eitthvað sem tekur fallega og skemmtilega á móti fólki þegar það keyrir inn í bæinn. Skilti með kort af bænum og jafnvel gönguleiðir.



6. Kantskera gróður af gangstéttum.
7. Kerfill. Mikið vandamál við Aðalgötu frá Sjöstjörnu að Klofningi. Eins á Hjallavegi og þarf að slá hlíðina og eitra fyrir kerfli.



8. Hringtorg við Túngötuna sem þyrfti að fegra. Ljót órækt þar núna.



9. Svæðið fyrir aftan sundlaugina þarf að laga. Þar var mokað í sundur í júlí í fyrra þegar mikla rigningin kom. Gaman væri að gera það svæði fallegt enda labba þar framhjá allir sem koma í sundlaugina okkar góðu.

Kærar Þakkir
Hverfisráð Súgandafjarðar